

STEFNUMÓTUN STJÓRNAR 2015-2019

Lögð fyrir bæjarráð 11.1.2016

EFNISYFIRLIT

Inngangur

1. STEFNUMÓTUN STJÓRNAR HÖNNUNARSAFNS ÍSLANDS 2015–2019
 - 1.1. Markmið
 - 1.2. Leiðir til markmiða
2. GREINARGERÐ MEÐ STEFNUMÓTUN STJÓRNAR
 - 2.1. Hlutverk
 - 2.1.1. Núverandi hlutverk
 - 2.1.2. Framtíðarhlutverk
 - 2.2. Safnkostur
 - 2.2.1. Skráning
 - 2.2.2. Skyldleiki safnkosts Hönnunarsafns Íslands við safnkost annarra safna
 - 2.2.3. Söfnunarstefna
 - 2.2.4. Innkaup og gjafir
 - 2.2.5. Varðveisla safnkosts
 - 2.3. Sýningastefna
 - 2.3.1. Fastasýning
 - 2.3.2. Sérsýningar
 - 2.4. Miðlun og fræðsla
 - 2.5. Rannsóknarstefna
 - 2.6. Heimildir
 - 2.6.1. Bókasafn
 - 2.6.2. Heimildasafn
 - 2.7. Samvinna
 - 2.7.1. Garðabær
 - 2.7.2. Bókasafn Garðabæjar
 - 2.7.3. Arkitektafélag Íslands
 - 2.7.4. Hönnunarmiðstöð Íslands
 - 2.7.5. Íslensk söfn
 - 2.7.6. Norræn hönnunarsöfn
 - 2.7.8. Háskólasamfélagið
 - 2.8. Starfsumhverfi
 - 2.8.1. Uppbygging starfsemi
 - 2.8.2. Stefnur Garðabæjar
 - 2.8.3. Safnbúð og kaffihús

Niðurlag og Svót greining

INNGANGUR

Stefnumótun stjórnar Hönnunarsafns Íslands

Stefnumótun stjórnar Hönnunarsafns Íslands hófst vorið 2015 að frumkvæði stjórnar og í samstarfi við forstöðumann safnsins og yfirmann fræðslu- og menningarsviðs Garðabæjar.

Stefnumótuninni er ætlað að vera rammi fyrir starfsemi safnsins á næstu árum og skal unnin reglulega eins og kemur fram í reglum um starfsemi viðurkenndra safna á Íslandi. Stjórn safnsins leggur áherslu á að stofnunin vinni á faglegan hátt að þeim markmiðum sem skilgreind eru í stefnumótuninni.

Til undirbúnings við þessa vinnu var lögð fram stefnumótun stjórnar um Hönnunarsafn Íslands 2010-2014 ásamt ýmsum safnastefnum íslenskra og erlendra safna og áherslum sem Safnaráð hefur bent íslenskum söfnum á, á undanförnum misserum, auk fjölda greina um safnafræðileg mál er lúta að stefnumarkandi þáttum.

Við vinnuna var stuðst við þá stefnu sem Garðabær hefur lagt fram um Hönnunarsafnið, sjá *Stefna í menningarmálum í Garðabæ* (2005), bls. 27. Siðareglur Alþjóðaráðs safna (ICOM) voru lagðar til grundvallar við gerð stefnumótunarinnar svo og stofnskrá Hönnunarsafns Íslands frá 2013. Hönnunarsafn Íslands er viðurkennt safn samkvæmt íslenskum Safnalögum sem tóku gildi 1. janúar 2013.

Stefnumótun stjórnar safnsins var lögð fyrir bæjarráð Garðabæjar í desember 2015.

Fyrir hönd stjórnar Hönnunarsafns Íslands 2014-2018,

Erling Ásgeirsson
formaður stjórnar Hönnunarsafns Íslands

1. STEFNUMÓTUN STJÓRNAR HÖNNUNARSAFNS ÍSLANDS 2015–2019

1.1. MARKMIÐ

- Að safna hönnunargripum og varðveita þá sem marktækan vitnisburð um íslenska hönnunar- og listhandverkssögu og vera í fararbroddi á því sviði hér á landi.
- Að miðla íslenskri og erlendri hönnunarsögu með sýningum, útgáfum og fræðslu fyrir almenning.
- Að stuðla að faglegri umræðu um hönnun og hvetja til rannsókna á íslenskri hönnunarsögu.
- Að afla víðtækari þekkingar og viðurkenningar á íslenskri hönnunarsögu innanlands sem utan með því að eiga samstarf við mennta- og safnastofnanir og félagasamtök hönnuða.
- Að auka sýnileika safnsins sem mikilvægrar þekkingarmiðstöðvar og menningarstaðar sem varðveitir einstakar heimildir um íslenska hönnun.
- Að taka þátt í að efla jákvæða ímynd Garðabæjar sem samfélags þar sem áhersla á hönnun og nýsköpun er höfð að leiðarljósi.

1.2. LEIÐIR TIL MARKMIÐA

- Að auka opinber framlög til safnsins á stigvaxandi hátt á næstu árum.
- Að afla sértekna fyrir safnið.
- Að fjölga stöðugildum við safnið.
- Að auka fjármagn til kaupa á gripum til safnsins.
- Að skapa í safninu vettvang fyrir velunnara íslenskrar hönnunarsögu.
- Að miðla safnkosti úr safnmunaskrá safnsins til menntastofnana og almennings.
- Að styrkja tengsl við mennta- og safnastofnanir sem og fyrirtæki á sviði hönnunar.
- Að byggja upp vinnustað með góðu starfsfólki og skapa því gott starfsumhverfi.

2. GREINARGERÐ MEÐ STEFNUMÓTUN STJÓRNAR

2.1. HLUTVERK

2.1.1. Núverandi hlutverk

Hönnunarsafn Íslands er miðstöð safnastarfsemi á sviði hönnunar og er safnið eina sérsafnið á þessu sviði á Íslandi. Safnið nýtur sérstöðu sinnar á ýmsa vegu og hefur á allra síðustu árum miðlað á eftirtektarverðan hátt íslenskri og erlendri hönnunarsögu með fjölbreyttum verkefnum. Safnið tekur þátt í fjölda verkefna er tengjast framgangi íslenskrar hönnunar. Til safnsins er leitað álitsgjafar sérfræðinga um íslenska hönnun. Umsvifin í starfsemi safnsins hafa aukist með hverju árinu og hlutverk þess stækkað töluvert á örfáum árum. Starfsfólks safnsins hefur leitast við að hafa frumkvæði að samstarfi við ýmsar stofnanir og fræðimenn til að stuðla að rannsóknum á íslenskri hönnunarsögu og einnig komið að verkefnum annarra með beinum eða óbeinum hætti, bæði hér á landi og erlendis.

Í Safnalögum sem tóku gildi 2013 eru söfn skilgreind sem stofnanir opnar almenningi sem hafa það hlutverk að varðveita, rannsaka og sýna þá hluti sem söfn geyma svo þeir megi nýtast til að efla þekkingu, skilning og áhuga almennings. Samkvæmt stofnskrá safnsins skal safnið móta sér söfnunar- og sýningarstefnu og þannig rækja sitt lögbundna hlutverk.

2.1.2. Framtíðarhlutverk

Hönnunarsafn Íslands er *viðurkennt safn* skv. Safnalögum. Í 4. gr. Safnalaga koma fram þrír flokkar safna þar sem höfuðsöfnin eru sem fyrr þrjú: Listasafn Íslands, Náttúruminjasafn Íslands og Þjóðminjasafn Íslands. Þá er flokkur *viðurkenndra safna* tiltekinn sem og flokkur *ábyrgðarsafna*. Hönnunarsafn Íslands sækist eftir því að verða *ábyrgðarsafn* enda felist í því umsjón á miðlun og rannsóknum á menningararfi sem Hönnunarsafnið hefur algjöra sérstöðu með.

Safnið hefur sýnt það á síðustu árum að mikilvægi rannsókna þess og þeirra verkefna sem safnið hefur bæði haft frumkvæði að og verið í samstarfi með, að það er leiðandi safnastofnun og hlutverk þess sem mennta- og menningarstofnun er ótvírætt.

Mikilvægt er að safnið njóti þeirrar sérstöðu sem safnið hefur hjá yfirvöldum. Hönnunarsafn Íslands er þjónandi stofnun með ríkt menntunargildi fyrir almenning og sérfræðinga innanlands sem utan og þarf að eiga varanlegan sess í hugum landsmanna sem mikilvæg stofnun sem sinnir ákveðnum þætti íslenskrar menningarsögu.

2.2. SAFNKOSTUR

Safnkostur Hönnunarsafns Íslands vitnar nú þegar um hið breiða söfnunarsvið sem Hönnunarsafnið hefur en skv. stofnskrá safnsins miðast söfnun muna við tímabilið frá um 1900 til samtíma. Safneign Hönnunarsafnsins er einstæð á landsvísu og geymir fágæta kjörgripi sem hafa mikla menningarsögulega þýðingu. Stór hluti safnkostsins ber þess þó merki að um tilfallandi gjafir er að ræða og safneignin á nokkuð í land með að sýna á heildstæðan hátt hönnunarsögu ákveðins tímabils, stílsögu þess eða einn flokk hönnunar umfram annan. Safnið þarf að eiga góða möguleika á að kaupa muni sem safninu bjóðast en einnig þarf það að geta haft frumkvæði að því að leita að munum sem metnir eru mikilvægir fyrir hönnunarsöguna. Leita þarf leiða til að finna fjármuni, til að mynda í formi styrkja frá fyrirtækjum til að byggja upp kaup á safngripum. Einnig er mikilvægt að vinna að þessu markmiði með því að fá félagasamtök hönnuða til samstarfs. Safnið skal byggja upp heimildasafn samhliða munasafni sínu. Í heimildasafni þarf að stuðla að verkefnum sem lúta að því að skrá samtíma og fortíð í innréttingahönnun og hóbýlasögu Íslendinga, s.s. með ljósmyndatökum. Einnig þarf að byggja upp gott heimildasafn um íslenska byggingarlist á 20. og 21. öld.

Við söfnun muna, varðveislu þeirra og miðlun fer safnið eftir siðareglum Alþjóðaráðs safna (ICOM).

2.2.1. Skráning

Safneignin er skráð af sérfræðingum í miðlægan gagnagrunn, *Sarp*, samkvæmt faglegum stöðlum. Hluta skráningarinnar má finna á netinu og er sú skráning opin almenningi. Þannig getur safnið miðlað safnkosti sínum á einfaldan hátt og leggur metnað sinn til þess að gera þennan þátt íslenskrar menningarsögu sýnilegri. Safnkostur safnsins og gagnabankinn sem honum tengist í *Sarpi* er einstakur gluggi að íslenskrri hönnunarsögu sem er sífellt verið að efla. Þessi þáttur, að skrá safneignina í gagnagrunninn, er meðal mikilvægustu verkefna safnsins og hluti af samfelldu starfi þess. Sérstaka áherslu þarf að leggja á myndbirtingar safnmuna á netinu og að skráningar- og heimildarvinnu við safnmuni sé stöðugt sinnt af sérfræðingum safnsins.

2.2.2. Skyldleiki safnkosts Hönnunarsafns Íslands við safnkost annarra safna

Safnkostur Hönnunarsafns Íslands er byggður upp út frá sögulegri nálgun íslenskrar hönnunarsögu þar sem iðnaðarsaga og handverksiðn eru ríkir þættir. Stíl-, form- og fagurfræði er lögð til grundvallar ásamt efnisnotkun og þróunarsögu þessara þátta. Safnkosturinn er ekki byggður upp út frá sögu byggðarlaga líkt og á við um byggðasöfn þar sem atvinnu- og búskaparhættir eru ráðandi þættir í safnkosti safna. Í þeim gripum sem hönnunarsöfn safna, má þó jafnan sjá samhengi hóbýlamenningar og samfélags og er ljóst að margt í safnkosti annarra safna hér á landi gæti allt eins átt heima í Hönnunarsafni

Íslands. Má nefna sem dæmi söfn eins og byggðasöfn, textílsöfn, iðnaðarsöfn, tækniminjasöfn og mörg ljósmyndasöfn. Hönnunarsafn Íslands mun einbeita sér fyrst og fremst að því að safna íslenskri hönnun og miðla íslenskri hönnunarsögu með safnkosti sínum. Það skal taka þátt í fjölbreyttum verkefnum sem tengjast öðrum söfnum og eiga jafnan frumkvæði að því að hönnunarsagan fái þá athygli sem hún á að njóta, þegar við á, í verkefnum annarra safna og menningarstofnana.

2.2.3. Söfnunarstefna

Á síðustu árum hefur sýningarstefna safnsins beinst einkum að því að bæta við safnkost þess. Nokkrar sýningar á síðustu árum hafa beinlínis verið gerðar til að bæta safneign safnsins. Horfa þarf til allra greina íslenskrar hönnunarsögu á 20. öld við söfnun og varðveislu muna á næstu árum. Sú vinna kallar eftir samvinnu margra. Í sumum hönnunargreinum þarf að afla gagna frekar en gripa, m.a. vegna skyldleika við önnur söfn sem varðveita nú þegar merkilega hönnun. Í öðrum söfnunarflokkum, svo sem innanhússhönnun, byggingarlist og landslagshönnun er eðlilegt að afla gagna. Sökum takmarkaðs húsnæðis reynist safninu erfitt að varðveita stóra safnmuni. Brýnt er að leita leiða til að safna tölvugrafík ýmiskonar sem hætt er við að glatist annars. Í þessu samhengi er mikilvægt að leggja áherslu á að safna inn samtímahönnun síðustu ára. Safnið gegnir einnig mikilvægu hlutverki við að benda almenningi á menningarsögulegt verðmæti íslenskrar hönnunar, þar á meðal innréttinga og húsgagna. Söfnunarstefnan skal því ekki aðeins fela í sér að bæta við safnkost safnsins, heldur einnig að stuðla að því að almenningur geti gengið að upplýsingum um íslenska hönnun svo hún fái tilskilda virðingu og fari ekki forgörðum svo sem við kynslóðaskipti. Þessi menningarsögulega vakning er um leið hluti af æskilegri umverfisvitund og almennri nýtni.

2.2.4. Innkaup og gjafir

Safninu hafa borist gjafir með reglubundnum hætti. Siðareglur Alþjóðaráðs safna (ICOM) fjalla á skýran hátt um hættur á hagsmunaárekstrum og um uppruna safneignar. Hönnunarsafn Íslands stefnir að því að koma innkaupa- og gjafaferli á munum til safnsins í formlegan og lýsandi farveg á næstu árum. Settir verða upp á heimasíðu safnsins listar með aðföngum sem berast og greinargerðir birtar árlega. Leitast skal við að afla stuðnings íslenskra fyrirtækja til að kaupa ákveðna safnmuni í anda samfélagslegrar ábyrgðar og efla þátt velunnara íslenskrar hönnunarsögu og safnsins við eflingu safnkostsins.

2.2.5. Varðveisla safnkosts

Safnið einsetur sér að fara að siðareglum Alþjóðaráðs safna (ICOM) hvað varðveislu safnkostsins varðar og taka einungis á móti þeim gripum sem safninu berast án sérstakra kvaða og safnið getur varðveitt. Margir af þeim gripum sem Hönnunarsafnið varðveitir

þarfnast viðgerðar. Gera þarf forvörsluáætlun í samráði við forverði og fara eftir reglum um fyrirbyggjandi forvörslu fyrir safnkostinn. Öryggi safnkostsins þarf að vera tryggt og geymsluhúsnæði þarf að standast öryggiskröfur um geymslur safna. Vinna þarf að úrbótum á núverandi varðveislurými safnsins og gera það að því sérhæfða rými sem það þarfnast.

2.3. SÝNINGASTEFNA

Sýningastefna safnsins skal fela í sér það yfirlýsta markmið að sýna þá hluti sem safnið safnar, svo að þeir megi nýtast til að efla þekkingu, skilning og áhuga almennings á hönnun. Eins er það hlutverk safnsins að varpa ljósi á og kynna að einhverju marki erlenda hönnun og setja hana þannig í samhengi við íslenska hönnun. Forstöðumaður mun setja fram grófa tveggja ára sýningaáætlun fyrir stjórn safnsins á hverjum tíma. Hann getur kallað til sín sérfæðinga og sett saman faghópa eða rýnihópa til að meta verkefni og sýningar safnsins og unnið með þeim að einstökum verkefnum.

2.3.1. Fastasýning

Vinna skal að því markmiði sem kemur fram í stofnskrá safnsins að Hönnunarsafnið hafi fasta sýningu á munum úr safneign safnsins árið um kring. Þannig sé íslensk hönnunarsaga til sýnis, að hluta eða í heild, eftir því sem mögulegt er. Stefnt er að útgáfu bókar um kjörgrípi í safneign Hönnunarsafnsins sem framlag til íslenskrar hönnunarsögu.

2.3.2. Sérsýningar

Safnið skal halda þeirri stefnu að hafa nokkrar sérsýningar á ári. Sérsýningarnar eiga að endurspeglar það breiða söfnunarsvið sem safnið hefur með mismunandi sýningum og rækja þannig margháttað hlutverk við miðlun menningararfs í fortíð og samtíð. Hér er til að mynda átt við a) sýningar úr safneign b) sýningar þar sem sýnd eru verk einstakra hönnuða og lífsstarf þeirra rakið (yfirlitssýningar) c) sýningar sem varpa ljósi á tímabil og tíðaranda í hönnun og d) sýningar á vörum einstakra framleiðenda í íslenskri hönnunarsögu á 20. og 21. öld. Safnið mun einnig leitast við að eiga samstarf um að halda sýningar með öðrum menningarstofnunum, innlendum sem erlendum, og senda sýningar safnsins til annarra safna eftir því sem kostur er.

2.4. MIÐLUN OG FRÆÐSLA

Miðlunarþátturinn er ríkur í starfi hvers safns og Hönnunarsafn Íslands setur sér það markmið að nota þær leiðir sem fyrir hendi eru til að miðla starfsemi sinni, sýningum og safnkosti. Sérstaklega verður litið til heimasíðunnar sem nauðsynlegs tækis til að miðla

starfsemi safnsins og til gagnvirkar notkunar að einhverju leyti og annarra samskiptamiðla til að vekja athygli á safninu og verkefnum þess. Mikilvægi útgáfu bæklinga og rita um sýningar og rannsóknir sem safnið vinnur að skal síst vanmeta í ljósi þess litla efnis sem gefið hefur verið út um íslenska hönnun. Safnið setur sér markmið um faglega meðhöndlun efnis í útgáfum sínum og leitar til sérfræðinga eftir því sem á þarf að halda. Mikilvægi „lifandi safnfræðslu“ svo sem leiðsagnir og samskipti við gesti á sýningum safnsins eflir vitund gesta og gerir heimsókn í safnið eftirminnilega.

Fræðsla safnsins felst að miklu leyti í því að taka á móti hópum og kynna þeim:

a) safnkost safnsins, b) yfirstandandi sýningar, og c) safnafræðileg mál sem snúa að starfsemi safna.

Safnið leggur áherslu á að sinna öllum skólastigum og að stofna til samvinnu við menntastofnanir varðandi heimsóknir í safnið. Eitt af stærri hlutverkum safnsins er almenningafræðsla. Að auki mun safnið setja sér ákveðin markmið með fyrirlestrahaldi um íslenska hönnunarsögu. Nauðsynlegt er að auka stöðugildi við safnið til að miðlunarhlutverki safnsins og fræðslu verði sinnt að staðaldri og sé órjúfanlegur þáttur í allri starfsemi, árið um kring.

2.5. RANNSÓKNARSTEFNA

Hönnunarsafn Íslands hefur sem safnastofnun skilgreinda ábyrgð gagnvart íslenskri hönnunarsögu samkvæmt *Safnalögum* og stofnskrá safnsins. Unnið skal enn frekar að því að efla samvinnu við skóla á háskólastigi um rannsóknir á gripum safnsins og á almennri íslenskri hönnunarsögu. Einnig mun safnið kappkosta að sýningar safnsins séu unnar út frá markmiðum rannsókna þannig að ákveðnar sýningar safnsins séu niðurstöður rannsóknarvinnu sem safnið hefur átt frumkvæði að. Fræðasamfélagið á að hafa greiðan aðgang að safnkosti safnsins eða upplýsingum um hann og getur óskað eftir vinnuaðstöðu í safninu. Sem vinnustaður skal safnið vera hvetjandi fyrir sitt starfsfólk til að stunda rannsóknir í þágu einstakra verkefna í safninu og starfsfólk skal leitast við að vera í góðu sambandi við íslenska og erlenda kollega í slíkum verkefnum.

2.6. HEIMILDIR

2.6.1. Bókasafn

Hönnunarsafn Íslands stefnir að því að auka bókakost sinn jafnt og þétt og við að sér jafnt íslenskum sem erlendum ritum, bókum og sýningarskrám, sem æskilegt er að safnið

eigi og nýtist til starfsemi þess og fræðslu. Þessi þáttur í uppbyggingu safnsins hefur ekki verið stór hingað til en brýnt er að sinna honum.

2.6.2. Heimildasafn

Unnið skal stöðugt að því að safna heimildum um íslenska hönnuði frá upphafi 20. aldar til dagsins í dag. Frumheimildir sem safnið skal safna, eftir því sem við verður komið, eru bréf og textar hönnuða, skissur og frumdrög verkefna svo og ljósmyndir og aðrar heimildir sem skýra vinnuaðferðir hönnuða. Líta má á slíkt safn sem hluta safnkosts þó að það verði skilgreint sem heimildasafn. Smárit og slíkir prentgripir – auglýsingar, bæklingar, vöruskrár og bókverk – eru einnig dýrmætar heimildir sem leggja skal áherslu á að safna. Slíkar heimildir geta einnig flokkast undir prentgripi og til hins almenna safnkosts safnsins. Ljósmyndir eru mikilvægar í heimildasafni Hönnunarsafns Íslands. Bæði er þar um að ræða skrásetningu á sjálfum safnkostinum svo og heimildir um hönnunargripi sem til eru eða hafa verið til og nota má við rannsóknir á íslenskri hönnunarsögu. Einnig skal í framtíðinni flokka heimildir um innanhússarkitektúr á grundvelli ljósmynda. Stefnt skal að því að flokka myndefni sem safninu berst og varðveita í sérstökum ljósmyndagrunni.

2.7. SAMVINNA

Hönnunarsafn Íslands er hluti íslensks og erlends safnaheims. Að auki tengjast aðrar stofnanir og samtök starfsemi safnsins. Alla samvinnu tengdra aðila skal efla og er það mikilvægt verkefni sem Hönnunarsafn Íslands leggur metnað sinn í. Verður þá horft til sýningahalds, rannsóknarverkefna og til annarra viðburða sem heyra til starfsemi safnsins. Hér hefur þegar verið minnst á mikilvægi þess að hefja samstarf á akademískum grundvelli um verkefni sem tengjast íslenskri hönnunarsögu. Einnig skal skilgreina í samráði við Safnaráð hvert er höfuðsafn Hönnunarsafns Íslands skv. núgildandi lögum.

2.7.1. Garðabær

Hönnunarsafn Íslands er einstakt safn á Íslandi og er vel staðsett í ört vaxandi samfélagi í Garðabæ, nánast við miðju höfuðborgarsvæðisins. Hönnunarsafnið er hluti af stærri heild menningarstaða í Garðabæ, þar sem ekki aðeins má finna söguleg mannvirki og minjar um búsetu frá landnámstíma heldur einnig fjölbreytta náttúru og útivistarsvæði. Saman skapar þetta fjölbreytta heild sem Íslendingar og aðrir geta notið og aukinn áhugi er að myndast á. Hönnunarsafnið skal halda áfram að vera virkur þátttakandi í að efla fjölbreyttara mannlíf í Garðabæ. Leggja skal áherslu á að auka vægi safnsins og vinna með bæjaryfirvöldum í Garðabæ að þátttöku safnsins í viðburðum og hátíðum á vegum bæjarfélagsins eða einstakra menningarstofnana í bænum. Leggja skal áherslu á að auka

sýnileika staðsetningar Hönnunarsafns Íslands með vegvísun, skiltum og fánum og leita eftir samstarfi um miðlæga kynningarstarfsemi á viðburðum innan Garðabæjar.

2.7.2. Bókasafn Garðabæjar

Halda skal áfram samstarfi við bókasafn Garðabæjar um skráningu á bókakosti Hönnunarsafns Íslands og efla sameiginleg markmið um að ná til nærsamfélags safnanna með aukinni samvinnu viðburðadagskrár.

2.7.3. Arkitektafélag Íslands

Vinna skal áfram að varðveislu Hönnunarsafns Íslands á gögnum og tillögum samkeppna sem fara fram eftir reglum AÍ, í samstarfi við Arkitektafélag Íslands. Leita skal leiða til að byggja upp þátt byggingarlistar innan verkefnasviða safnsins, í samvinnu við bæjaryfirvöld í Garðabæ, Arkitektafélag Íslands og Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

2.7.4. Hönnunarmiðstöð Íslands

Samvinna við Hönnunarmiðstöð um einstaka viðburði og verkefni, sem stuðla að því að efla áhuga almennings á íslenskri hönnunarsögu, felur í sér mikilvægi góðrar samvinnu og stöðugs samtals. Þátttaka í HönnunarMars skal vera árleg. Nýstofnuð Hönnunarverðlaun Íslands sem Hönnunarmiðstöð hefur sett á laggirnar eru veigamikill þáttur sem Hönnunarsafnið skal styðja. Gögn og ýmsar heimildir sem Hönnunarmiðstöð fær eða lætur gera, skal varðveita í heimildasafni Hönnunarsafns Íslands.

2.7.5. Íslensk söfn

Mikilvægt er að Hönnunarsafn Íslands fari með leiðandi hlutverk á sínu sérsviði í samvinnu við önnur tengd söfn. Lán á gripum úr safneign skal metið eftir faglegum reglum eftir því sem óskir um slíkt berast. Sérstaklega skal skoða safnkost ákveðinna safna með tilliti til sambærilegrar söfnunarstefnu safnanna og efla samvinnu um rannsóknir á þeim gripum eða þeim flokkum hönnunar sem hér um ræðir. Sem dæmi má nefna söfn eins og lðnaðarsafnið á Akureyri, Minjasafn Reykjavíkur (Árbæjarsafn), Þjóðminjasafn Íslands og Ljósmyndasafn Þjóðminjasafns, Ljósmyndasafn Minjasafns Akureyrar og Ljósmyndasafn Reykjavíkur.

2.7.6. Norræn hönnunarsöfn

Efla skal tengsl við norræn hönnunarsöfn á hverjum tíma og stuðla að því að efla þekkingu á sögu íslenskrar hönnunar í norrænum söfnum. Virk þátttaka á ráðstefnum og öðrum vettvangi safna, svo sem á þingum Alþjóðaráðs safna (ICOM), er mikilvæg. Koma skal á bókaskiptum við norræn söfn eftir fremsta megni.

2.7.8. Háskólasamfélagið

Hönnunarsafnið skal hvetja til samvinnu sem gagnast bæði safninu og rannsóknum nemenda og fræðimanna við Háskóla Íslands. Sérstaklega þarf að hvetja til þess að hönnunarsaga verði almennt kennd í fræðilegum hluta náms við hugvísindasvið Háskóla Íslands. Hönnunarsafnið getur boðið nemendum og fræðimönnum aðstöðu eða annan stuðning við uppbyggingu á hönnunarsögukennslu. Samstarf við Listaháskóla Íslands skal haldið áfram og nemendum boðin leiðsögn og aðgangur að heimildasafni eftir fremsta megni.

2.8. STARFSUMHVERFI

2.8.1. Uppbygging starfsemi

Við uppbyggingu starfsemi safnsins skal fylgja mannauðsstefnu Garðabæjar. Fjölga þarf starfsfólki Hönnunarsafns Íslands miðað við þau auknu umsvif sem hafa orðið í allri starfsemi á síðustu 5 árum. Sérstaklega þarf að hlúa mun betur að fræðslustarfi hverskonar, allt frá móttöku nemenda til fjölbreyttrar dagskrár fyrir almenning. Þannig styrkist allt faglegt starf og ásýnd safnsins eflist. Skrifstofuhald vegna rekstrar skal vera svo hóflegt sem hægt er enda njóti starfsfólk safnsins aðstoðar starfsfólks deilda og stofnana Garðabæjar. Mikilvægt er að safninu og starfsfólki þess sé búinn sá stöðugleiki að rekstrarframlög séu samningsbundin og að engin óvissa skapist um rekstur og verkefni safnsins.

2.8.2. Stefnur Garðabæjar

Mikilvægt er að starfsfólk þekki og tileinki sér allar samþykktar stefnur Garðabæjar, svo sem Mannauðsstefnu Garðabæjar, Menningarstefnu Garðabæjar og Jafnréttisáætlun svo dæmi sé tekið.

2.8.3. Safnbúð og kaffihús

Æskilegt er að í safninu sé rekin lítil búð. Slíka einingu þarf að byggja enn frekar upp með það í huga að auka við vörur sem safnið lætur framleiða sem skapar safnbúðinni sérstöðu. Lögð verði áhersla á að í Hönnunarsafni Íslands verði aðeins íslensk hönnun í safnbúð safnsins til sölu og sérstaða búðarinnar liggi meðal annars í því að selja vandaða söluvöru. Kaffihús í tengslum við safnið er æskileg eining fyrir gesti safnsins.

NIÐURLAG OG SVÓT GREINING

Í þessari vinnu stjórnar, sem hófst í febrúar 2015 var ákveðið að gera SVÓT greiningu á Hönnunarsafninu. Það sem kom fram í þeirri vinnu kemur fram í markmiðum og greinargerð þessarar stefnumótunar. En hér má skoða einstök atriði greiningarinnar:

Styrkleikar Hönnunarsafnsins

- 1) Mannauður
- 2) Einstakt safn á landsvísu
- 3) Faglegar sýningar
- 4) Beinir ljósi á sögu sem hefur hingað til ekki verið sýnileg – áhugi að aukast
- 5) Fagleg ráðgjöf vegna hönnunargripa
- 6) Garðabær traustur bakhjarl
- 7) Trúverðugleiki og traust
- 8) Samstarf við önnur söfn (farandsýningar Hönnunarsafns)
- 9) Samstarf við erlend hönnunarsöfn
- 10) Einstakar heimildir um íslenska hönnunarsögu varðveittar
- 11) Hefur hrundið af stað rannsóknum á íslenskri hönnunarsögu
- 12) Jákvæðni bæjarstjórnar Garðabæjar í garð safnsins

Veikleikar Hönnunarsafnsins

- 1) Fjárskortur og húsakostur háir lögbundinni starfsemi safnsins
- 2) Fáliðun
- 3) Staðsetning
- 4) Vantar kaffihús í tengslum við safnið
- 5) Safnkostur að hluta til þarfnast viðgerðar 6) Fastasýningu vantar
- 7) Útgáfur fáar
- 8) Safnbúð er ekki með eigin vörur
- 9) Rannsóknir á íslenskri hönnunarsögu takmarkaðar

Tækifæri Hönnunarsafnsins

- 1) Núverandi uppbygging á Garðatorgi
- 2) Staðsetning
- 3) Tenging við menningarsögulega staði s.s. Bessastaði, Krók, Hofsstæði, Heiðmörk (Maríuhellar) ofl.
- 4) Vaxandi velvilji hönnuða
- 5) Rannsóknir, samstarf og áhugi fræðasamfélagsins
- 6) Tengsl við fjölmiðla (hönnunarsagan)
- 7) Fastir bakhjarlar
- 8) Vínafélag
- 10) Sala á eigin vörum

Ógnanir fyrir Hönnunarsafnið

- 1) Sýnileiki– safnið sést ekki langt að
- 2) Óvissa um stuðning frá ríkisvaldi
- 3) Ófrágenginn samningur við Menntamálaráðuneytið
- 4) Óvissa með fjármögnun
- 5) Skortur á samstarfi við ferðaþjónustuna
- 6) Lög um höfundarrétt hvað varðar myndbirtingar úr safnmunaskrár eru túlkuð á mismunandi hátt.

Garðabær, 9. desember 2015